

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 1997

6. maí 1997

569

Nr. 292

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 356/1996, um vörugjald.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
Gjaldflokkar magngjalds, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í A og B lið viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eru 8 kr./l og 10, 15, 20, 28, 30, 35, 40, 60 og 80 kr./kg.
- b. Í stað orðanna „C-F lið“ í 2. mgr. kemur: C-E lið.
- c. 4. tölul. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „C-F liðum“ í 2. mgr. 5. gr. kemur: C-E liðum.

3. gr.

Í stað orðanna „C-F liðum“ í 1. mgr. 8. gr. kemur: C-E liðum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

6. maí 1997

Nr. 293

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 607/1995, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

1. gr.

E-liður 10. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Innkaup, innflutning, heildsölu og dreifingu á tóbaki.

2. gr.

3. og 4. másl. 18. gr. reglugerðarinnar falla brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 33. gr. reglugerðarinnar:

- a. A-liður orðast svo: Innkaup og innflutning á áfengi.
- b. C-liður fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júní 1997.

Fjármálaráðuneytinu, 6. maí 1997.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Bergþór Magnússon.

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna.

1. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt til erlendra ferðamanna af varningi sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar. Endurgreiða skal að lágmarki þá fjárhæð sem tilgreind er í töflum á fylgiskjali við reglugerð þessa.

2. gr.

Einungis er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt til ferðamanna með erlent ríkisfang og erlenda heimilisfesti. Til sönnunar ríkisfangi skal leggja fram vegabréf. Útlendingar með fasta búsetu hérlendis eiga ekki rétt á endurgreiðslu.

3. gr.

Það er skilyrði endurgreiðslu að kaupandi vörunnar hafi hana með sér af landi brott innan 30 daga frá því er kaup gerðust og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., við endurgreiðslufyrirtæki eða eftir atvikum tollyfirvöld við brottför.

Til að endurgreiðsla fáiast verður að uppfylla öll eftirtalinnu skilyrða:

- a. Kaupandi hafi vöruna á brott með sér úr landi innan mánaðar frá því að kaupin voru gerð.
- b. Kaupverð vörunnar með virðisaukaskatti nemi minnst 4.000 kr.
- c. Vörunni sé framvísað ásamt tilskildum gögnum við brottför, sbr. 4. og 6. gr.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt af vörum á einum og sama vörureikningi sé kaupverð þeirra samtals 4.000 kr. eða meira ásamt virðisaukaskatti, þó einn eða fleiri munir nái ekki tilskilinni lágmarksfjárhæð.

4. gr.

Við sölu skal fylla út endurgreiðsluávisun þar sem fram komi eftirtaldar upplýsingar:

- a. Nafn og heimilisfang seljanda.
- b. Dagsetning er kaup gerast.
- c. Vörutegund og magn.
- d. Verð vörunnar með virðisaukaskatti.
- e. Fjárhæð sem óskast endurgreidd.
- f. Nafn, heimilisfang og vegabréfsnúmer kaupanda.

Seljandi skal fylla út liði a-e en kaupandi lið f. Frumrit ávisunarinnar þannig útfylltrar skal afhenda kaupanda. Búa skal um vöruna í lokuðum og innsigliðum umbúðum.

Endurgreiðsluávisanir vegna sölu á vörum sem bera 14% virðisaukaskatt skulu auðkenndar með áberandi hætti.